

Umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (stjórn Landspítala).

Landssamtökin Geðhjálp ítreka þá skoðun að í stjórn Landspítalans sitji fulltrúar notenda. Það verður að teljast gamaldags viðhorf að í frumvarpi heilbrigðisráðherra sé gert ráð fyrir tveimur fulltrúum starfsmanna í stjórn spítalans en engum fulltrúa notenda. Því miður hefur ekki verið hlustað á raddir notenda í gegnum árin sem aftur hefur gert þjónustuna verri og tafið fyrir bata fjölda einstaklinga. Að undanförunu höfum við heyrt fréttir af málum þar sem ekki var hlustað á notendur heilbrigðiskerfisins með sorglegum afleiðingum. Þessi mál hafa komið upp á ýmsum deildum og stigum heilbrigðisþjónustunnar og eru til marks um hve mikilvægt það er að hverfa frá stefnu valdaójafnvægis á milli notenda þjónustunnar og þeirra sem veita þjónustuna í kerfinu.

Landssamtökin Geðhjálp leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu. Það er mat samtakanna að ekki verði gengið skemur en þetta en jafnframt sé aðeins um að ræða fyrsta skrefið af mörgum í átt að notendamiðaðri heilbrigðisþjónustu:

8. gr. a (1. gr. í frumvarpi heilbrigðisráðherra) hljóði svo: Ráðherra skipar sjö manna stjórn Landspítala, og tvo til vara, til tveggja ára í senn. Skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. **Tveir stjórnarmanna skulu vera a) fulltrúi starfsmanna og b) fulltrúi notenda báðir þessir stjórnarmenn eru með málfrelsi og tillögurétt, án atkvæðisréttar. Fulltrúi notenda er valinn af notendaráði sjá gr. 14.** Í stjórn skulu sitja einstaklingar sem hafa þekkingu á rekstri og áætlanagerð, á heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknum á heilbrigðissviði og menntun heilbrigðisstétta og á opinberri stjórnsýslu og reglum stjórnsýsluréttar. Einfaldur meirihluti atkvæða þeirra fimm stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt ræður úrslitum á stjórnarfundum en skal atkvæði formanns ráða úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

14. gr. (4. gr. í frumvarpi heilbrigðisráðherra) hljóði svo: Heilbrigðisráðherra skipar sjö fulltrúa í notendaráð í heilbrigðisþjónustu samkvæmt tilnefningu frá starfandi sjúklingasamtökum. Forstjórum og stjórn heilbrigðisstofnana, þar sem við á, skulu hafa samráð við notendaráð til að tryggja að sjónarmið notenda séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um atriði er varða hagsmuni sjúklinga innan heilbrigðisstofnana. **Notendaráðið kemur saman svo fljótt sem auðið er eftir tilnefningu og velur sér einn (1) fulltrúa sem sest í stjórn Landspítalans fyrir hönd notenda.**

Virðingarfyllt,

Stjórn landssamtakanna Geðhjálpar